

Ed.

786. Breytingartillögur

[106. mál]

við frv. til 1. um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 2. gr. 2. málsg. orðist svo:
Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita umsagnar tannlæknadeildar Háskóla Íslands um hæfni umsækjanda til tannlæknisstarfa. Heimilt er ráðherra að synja um leyfi ef umsögn er neikvæð.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Veita má þeim leyfi samkvæmt 1. gr. sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. Tannlæknadeild getur sett sem skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslensku máli, mæltu og rituðu. Binda má leyfið við ákveðinn tíma. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis.
Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum tannlækna skal farið eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmst viðkomandi milliríkjasamningi.
3. Á eftir 3. gr. komi ný gr. er verði 4. gr. og orðist svo:
Heimilt er að synja manni um tannlækningaleyfi eigi 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga við um hagi hans.
4. Við 5. gr., er verði 6. gr. Greinin orðist svo:
Verksvið tannlækna tekur til forvarna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekkju og tannvöntunar, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast.
5. Við 6. gr. er verði 7. gr. Greinin orðist svo:
Um lyfjaávisanir tannlækna fer samkvæmt lyfjalögum, nr. 49/1978, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
6. Við 7. gr. er verði 8. gr. Greinin orðist svo:
Tannlæknum er heimilt að hafa aðstoðarfólk. Um sérhæft aðstoðarfólk fer samkvæmt lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.
7. Við 8. gr. er verði 9. gr. 2. mgr. orðist svo:
Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn er óheimilt að stunda tannlækningar.
8. Við 12. gr. er verði 13. gr.
Í stað „tannlæknaleyfi“ í síðasta málslið gr. komi: „tannlækningaleyfi“.
9. Á eftir 12. gr. komi ný gr. sem verði 14. gr. og orðist svo:
Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrá, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis.
10. Við 13. gr. er verði 15. gr. Fyrri málsg. orðist svo:
Brot gegn ákvæðum laga þessara varða, auk sviptingar tannlækningaleyfis, sbr. 12. og 13. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.
11. Við 15. gr. er verði 17. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 7/1929, um tannlækningar, með síðari breytingum.